

45. fundur hverfisnefndar lunda- og gerðahverfis haldinn í Leikskólanum

Lundarseli 18. okt. 2011 kl. 20.00

Mættir: Guðjón Ingvi Geirmundsson, Elvar Sævarsson, Gestur Geirsson, Þorberg Þ. Þorbergsson, Arnheiður Jóhannsdóttir og Svala Björnsdóttir.

Umræður og vangaveltur um deiliskipulag Dalsbrautar

Ræddum mögulegar athugasemdir sem við teljum að þurfi að koma fram vegna deiliskipulags Dalsbrautar.

- Meginathugasemd okkar er að ekki er þörf á Dalsbraut eins og oft hefur komið fram.
- Ræddum mikilvægi umhverfismats m.a. vegna hljóð- og loftmengunar.
- Þá sjáum við kostnaðaráætlunina fara út um þúfur þar sem eftir er að reikna inn í dæmið kostnað vegna hringtorga og umferðarljósa. Höfum af þessu miklar áhyggjur þar sem næg önnur verkefni eru til staðar hjá bæjaryfirvöldum sem brýnni eru en Dalsbraut.
- Teljum einnig að vandi íbúa Naustahverfis sé ekki að komast frá hverfinu heldur greiðfæra leið út úr hverfinu. Tenging út úr hverfinu til móts við Þórunnarstrætið sjáum við sem brýnna verkefni en Dalsbraut.
- Höfum verulegar áhyggjur af breytingum sem urðu á deiliskipulagi brautarinnar gagnvart aðkeyrslu að Lundarskóla. Á íbúafundi var okkur kynnt tillaga að einni aðkeyrslu að skólanum en þegar tillagan fór fyrir bæjarstjórn voru inni á skipulaginu tvær aðkeyrslur. Við teljum þessi vinnubrögð óásættanleg.
- Sjáum fyrir okkur að sá kostnaður sem fyrirhugaður er við Dalsbraut gæti sem best nýst við gerð umferðaröryggisáætlunar með það að markmiði að auka umferðaröryggi við grunn- og leikskóla bæjarins.
- Teljum mikilvægt að ráðist verði í að gera gott og aðgengilegt hringtorg við gatnamót Þingvallastrætis og Miðhúsabrautar.
- Veltum fyrir okkur að þegar og ef Dalsbraut verður byggð hvaða grænu svæði eru þá eftir í hverfinu. Okkur varð orða vant.
- Hvaða tryggingu höfum við fyrir því að gatan haldist með 30 km hraða? Eða að fyrirkomulag á ljósum muni halda?
- Sjáum fyrir okkur að umferðarteppa muni verða á morgnanna þegar krakkarnir fara yfir götuna þar sem bílarnir verða viðstöðulaust á rauðu ljósi. Kannski fyrsta umferðarteppa bæjarins muni myndast á Dalsbraut.

2. Ýmsar vangaveltur

- Athugasemd kom um að bílar væru að keyra inn á svæði Lundarskóla t.d. á kvöldin og er þá lagt við sparkvöllinn og er það með öllu ótækt. Nefndin þarf að beita sér fyrir því að fara fram á að loka ætti innkeyrslu inn á lóðina svo bílarnir kæmust ekki. Einnig kom fram að Gámapjónustan keyrir inn á lóðina jafnvel á skólatíma.
- Gott væri að nefndin ætti fulltrúa í skólaráði Lundarskóla, þurfum að kanna það mál

Fundi slitið kl. 21.40

Fundargerð ritaði,
Svala Björnsdóttir.